

Reykjavík 20. febrúar 2002



FÉLAG GEISLAFRÆÐINGA

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Félag geislafræðinga fagnar skýrari lagaramma um geislavarnir, og samræmingu íslenskra laga við reglugerðir Evrópusambandsins. Löggin eins og þau koma fyrir í frumvarpinu munu stuðla enn frekar að skynsamlegri og öruggri notkun jónandi geislunar í þjóðfélaginu, til hagsbóta fyrir alla.

Þar sem löggin hafa í för með sér nokkra breytingu á skipan mála er varða geislavarnir vill FG koma eftirfarandi á framfæri.

Eðlilegt hlýtur að teljast að FG eigi fulltrúa í geislavarnaráði, enda er FG stærsta fagfélag þeirra sem starfa við jónandi geislun á Íslandi. Geislafræðingar eru og eina starfsstéttin sem hefur formlega menntun á sviði geislavarna.

Í framhaldi af lagasetningunni þarf að setja margar reglugerðir sem flestar munu á einn eða annan hátt snerta starfssvið og starfsumhverfi geislafræðinga. Það er mikilvægt að haft sé samráð við FG í þeirri vinnu, auk þess sem fagþekking geislafræðinga ætti að koma þar að góðum notum. Þessar reglugerðir verða væntanlega byggðar á reglugerðum Evrópusambandsins og má í því samhengi benda á að FG hefur nú um nokkurt skeið tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi geislafræðinga og er því vel kunnugt þeim reglugerðum Evrópusambandsins sem snúa að geislavörnum og útfærslu þeirra í ýmsum löndum Evrópu.

Efnislega gerir FG ekki athugasemdir við texta frumvarpsins. Vert er þó að nefna hvort ekki samræmist betur íslenskri málvenju að segja að tæki “gefi frá sér” eða “myndi” ójónandi geislun, í stað “nýti” ójónandi geislun (í greinum 7 og 9), en af samhenginu má ráða að við það sé átt. Í 3. grein mættu skilgreiningar á jónandi og ójónandi geislun vera skýrari. FG leyfir sér að stinga upp á eftirfarandi:

Jónandi geislun: rafsegulgeislun sem hefur næga orku og smýgni til þess að valda skemmdum í líkamsvef með jónun atóma í vefnum. Dæmi: röntgengeislun og gammageislun frá geislavirkum efnum.

Ójónandi geislun: orkuminni rafsegulgeislun, sem hefur minni áhrif á vefi líkamans en jónandi geislun. Dæmi: útfjólublá geislun og örbylgjur.

Virðingarfyllt
Fyrir hönd Félags Geislafræðinga

Jónína Guðjónsdóttir
Jónína Guðjónsdóttir, formaður

- Suðurhlíð 35
- 105 Reykjavík
- sími: 588 7820